



Eining-Íðja

F É L A G S B L A Ð
2. tölublað • 6. árgangur • JÚNÍ 2004



Útgefandi:
Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601



www.eining-idja.is

Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

Fremri kynningarþjónusta,
Furuvöllum 13, 600 Akureyri.
Sími: 461 3666. Bréfasími: 461 3667.

Netfang: fremri@fremri.is

Þýðing: Rafn Kjartansson og
Andrea Sombit Siengboon

Auglýsingar:

P.J. auglýsinga- og markaðsþjónusta
Símar: 566 8262 og 861 8262

Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd: Myndrún ehf.

Prentvinnsla: Ásprent

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða að hluta, þó þannig
að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík
Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041

Netfang: runa@eining-idja.rl.is

Opið kl. 10-14 mánud., þriðjud.,
fimmtud. og föstud. og kl. 10-16
á miðvikudögum

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði
Múlavegi 1. Sími: 466 2318
Bréfasími: 466 2681

Netfang: gusti@eining-idja.rl.is

Opið kl. 9-12 mán., þri. og fim.

Efnisyfirlit:

Kynnisferð til Hollands og Belgíu: Fróðleg, skemmtileg og gagnleg ferð	4
Aðalfundur Einingar-Iðju:	
Mikill hugur í félagsmönnum	6
Rekstur sjúkrasjóðsins snerist við	6
Baráttudagur verkalýðsins: Atvinna fyrir alla	7
Áfall í Dalvíkurbyggð: Uppsagnir hjá Íslandsfugli	8
Áhyggjur af atvinnuástandinu	8
Fækkun félagsmanna	8
Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis: Hvar liggja möguleikar verkafólks?	10
Trúnaðarráðsmaður frá Grænhöfðaeyjum: Ánægð á Akureyri	12
Nýtt fyrirtæki í Ólafsfirði: Unnið úr því sem áður var hent	13
Réttindi og skyldur:	
„Sparaði“ sér að greiða gjöldin - og stóð uppi réttindalaus	14
Fréttir á tælensku	18
To Eining-Iðja Union Members	19
Nýir kjarasamningar:	
Stórt skref framávið í réttindabaráttunni	20
Afgerandi stuðningur	20
Lausar vikur í orlofshúsum	21
Breytingar í Ólafsfirði	21
Góð þátttaka í Skandinavíuferðinni	21
Stjórnir og nefndir starfsárið 2004-2005	22

Vertu á verði

Í verslunum eiga allar vörur að vera verðmerktar, hvort sem þær eru inni í verslun eða í búðarglugga.

Hjá þjónustufyrirtækjum eiga verðskrár að liggja frammi á áberandi stað.

SAMKEPPNISSTOFNUN





KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilsusamlegan hátt.


Skyr

NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ **HEILBRIGÐUM**
LÍFSSTÍL

FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

KYNNISFERÐ TIL HOLLANDS OG BELGÍU

Fróðleg, skemmtileg og gagnleg ferð

Á dögunum fór nokkur hópur á vegum Alþýðusambands Íslands í kynnisferð til Hollands og Belgíu til þess að kynna þar starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, EFTA, Evrópusambandsins og fleiru. Eining-Íðja átti þrjá fulltrúa í ferðinni, Guðrúnu Skarphéðinsdóttur, Sigríði K. Bjarkadóttur og Björn Snæbjörnsson. Félagsblaðið sló á þráðinn til Guðrúnar og Sigríðar og innti þær eftir fréttum úr ferðinni.

Samstilltur hópur

„Mér fannst þessi ferð mjög fin, hún tókst mjög vel og hópurinn var vel samstilltur,” segir Guðrún Skarphéðinsdóttir, formaður svæðisráðs Einingar-Íðju á Dalvík. Hún segir ferðina og fræðsluna vekja upp margar spurningar, breyta viðhorfi sínu til starfsins fyrir verkalýðshreyfinguna hér heima og gagnast sér í starfinu. „Já, það getur gert það. Auðvitað fær maður alltaf einhverja innsýn í öllum svona ferðum en maður er kannski ekki búinn að mynda sér fastar skoðanir, heldur fer að hugsa öðruvísi um málín. Þetta vikkar sjóndeildarhringinn og maður lærir heilmikið í svona ferðum og verður margs vísari.“ Guðrún segir ferðina í heild mikla upplifun fyrir sig og allan hópinn og þegar á allt er litið hafi ferðin verið skemmtileg og fræðandi.

Svipuð viðfangsefni hér og þar

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður opinberu deildar Einingar-Íðju, segir aðspurð að ferðin hafi verið í senn gagnleg, fræðandi og skemmtileg. Hún segir kynninguna á verkalýðshreyfingunni í Hollandi hafa komið sér á óvart, en þangað fór hópurinn fyrsta daginn.

„Þar eru sambærileg og sömu verkefni og vandamál og við erum að fást við; það er til dæmis atvinnuleysi ungs fólks, atvinnuleysi þeirra sem eldri eru og aukið atvinnuleysi hjá menntuðu fólki,” segir Sigríður. Hún segir verkalýðshreyfinguna í Hollandi svipaða að uppbyggingu og ASÍ en að hún nái til fleiri starfsstétta þar en hér.

Hugsa málín öðruvísi

Í Belgíu kynnti hópurinn sér meðal annars starfsemi EFTA og Evrópusambandsins og þá einkum með tilliti til þess hvaða breytingar verða á vinnumarkaðnum með nýj-



Björn Snæbjörnsson, Sigríður K. Bjarkadóttir og Guðrún Skarphéðinsdóttir á sólrikum degi í kynnisferð ASÍ til Hollands og Belgíu.

um aðildarlöndum ESB. „Það var farið yfir það hvernig Evrópusambandið virkar og hvað það hefur að segja að fá þessi nýju lönd inn, hverju var verið að velta fyrir sér þegar löndin gengu inn í ESB, hvað opnast



Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, og Konráð Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, njóta evrópskrar veðurbliðu.

og hvað fólk var hrætt við. Þetta var rætt aðallega út frá vinnumarkaðnum og hvort það væri ástæða til þess að hafa einhverjar áhyggjur af því að það kæmi ódýrara vinnuafl frá öðrum löndum og heimamenn stæðu þá eftir og fengju ekki vinnuna.“ Sigríður segir þetta ekki hafa verið rætt sérstaklega út frá hugsanlegum áhrifum hingað til lands. „Það var nú ekki rætt sérstaklega en auðvitað er það eitthvað sem maður hugsar um,” segir hún og nefnir starfsmannaleigur sérstaklega í því sambandi. Löndin sem nú eru nýgengin í ESB eru flest eða öll fátækari en þau sem fyrir eru í sambandinu og málín voru meðal annars rædd með það í huga. „Ég upplifði það þannig að verið væri að velta því fyrir sér hvort hætta væri á að það fólk myndi flykkjast núna til annarra landa og fá sér vinnu - og hvað yrði þá hjá fólkinu sem fyrir er,” segir Sigríður.

Almennt segir hún ferðina hafa breytt viðhorfi sínu til starfsins innan verkalýðshreyfingarinnar. „Já, þetta breytir viðhorfinu hjá mér. Ég lít öðrum augum á þetta núna. Kannski hafði ég bara ekki sett þessi mál nógu vel niður fyrir mér þannig að nú get ég farið að hugsa þau á öðrum grunni. Þess vegna finnst mér þetta hafa verið fræðandi ferð. Hún opnaði huga minn fyrir þessum málum og til þess að hugsa öðruvísi og mynda mér skoðanir á málunum,” segir Sigríður K. Bjarkadóttir.

Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi

H HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545

**Verkfræðistofa
Norðurlands ehf.**
www.n.m.is

PRICEWATERHOUSECOOPERS
pwc.com/is

Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur sf.
Sími 462-3524 - Fax 461-1325

BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR
.....á traustum grunni

TRÉSMÍÐJAN
BÖRKUR HF
Sími 462 1909

KPMG Glerárgö
Endurskoðun Akureyri
kpmg.is www.kp

**BLIKK- OG
TÆKNIPJÓNUSTAN hf.**
Sími 462 4017

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI VÍMÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

Daltré ehf.
Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199

FROST
www.frost.is

P. Alfredsson ehf.
Draupnisgötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248

Landflutningar
samskip.is **SAMSKIP**

TRÉSMÍÐJAN ALFA HF
alfa
HÖNNUNAR- OG TÆKNIPJÓNUSTAN
Óseyri 1a • 603 Akureyri
Sími: 461-2977

RAFIDNADARSKÓLINN

GÓÐI
-alltaf góður

Verkval
Sími 461 1172

BÚVAGSAMBAND EYJARLÁNNA
Óseyri 2
603 Akureyri
Sími 462 4477

Egils

Höldur ehf.
www.europcar.is

BLIKKRÁS HF
Óseyri 16, Akureyri

ÁSBYRGI - flóra
Frotagötu 2a, 603 Akureyri, sími 462 3280 & 461 1155
egils.is

ENDURSKOÐUN NORÐURLANDS HF.
Sími 462 3811
Fax 462 1474
rjj@deloitte.is - www.deloitte.is

GLÓFI
randburg.com/is/glofi.html

AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU

Mikill hugur í félagsmönnum

Aðalfundur Einingar-Íðju var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri þriðjudagskvöldið 4. maí. Fundurinn var með hefðbundnu sniði og var vel sóttur af félagsmönnum. Almenn samstaða virðist ríkja meðal félagsmanna um starfsemi félagsins og er mikill hugur í fólki að stuðla að áframhaldandi öflugu starfi félagsmönnum til heilla.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð á aðalfundinum þar sem aðeins barst einn listi með tilnefningum. Tólf manna stjórn félagsins er óbreytt frá fyrra ári en hana skipa: Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan formenn svæðisráðanna fjögurra, þær Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Marzibil E. Kristjánsdóttir og Sæbjörg Ágústsdóttir, og formenn deildanna fimm, þau Anna Júlíusdóttir, Eyþór Karlsson, Sigríður K. Bjarkadóttir, Valdimar Gunnarsson og Þorsteinn J. Haraldsson.



Góð mæting var á aðalfund félagsins í byrjun maí og mikill hugur í félagsmönnum að stuðla að áframhaldandi öflugu starfi félagsins. Myndir: Myndrún - Rúnar Þór Björnsson

Lítið um breytingar

Formenn svæðisráðanna og deildanna voru allir endurkjörnir á aðalfundum sem haldnir voru í mars en formennirnir sitja sem kunnugt er einnig í tólf manna stjórn félagsins. Fáeinar breytingar urðu á stjórn um svæðisráða og deilda en lista yfir allar stjórnir, nefndir og ráð á vegum félagsins er að finna á bls. 22.

Aðalfundir deildanna og svæðisráðanna voru misjafnlega sóttir en aðalfundir svæðisráðanna voru jafnframt nýttir til þess að kynna þá nýgerðan kjarasamning SGS og SA. Á aðalfundum deildanna var hins vegar boðið upp á fyrirlestra eða fræðsluerindi að venjulegum aðalfundarstörfum loknum.

Rekstur sjúkrasjóðsins snerist við

Fram kom á aðalfundi félagsins í byrjun maí að afkoma félagsins hafi batnað frá fyrra ári og sérstaklega tókst að bæta afkomu sjúkrasjóðsins verulega. Hagnaður af reglulegri starfsemi félagsins varð rúmlega 20 milljónir króna árið 2003 en árið á undan var hann rúmar 11 milljónir.

Sjúkrasjóður félagsins var rekinn með tæp-

lega tveggja milljóna króna hagnaði á árinu 2003 en árið á undan var hann rekinn með tapi upp á sjö og hálf milljón króna og má rekja þennan mikla viðsnúning til þeirra breytinga sem samþykktar voru á reglum sjóðsins á aðalfundi 2003. Þær breytingar gilda áfram en fjárhæð dagpeninga hefur hækkað um rúmlega 10% eins

og viðmiðunartaxtinn, sem er taxti sérhæfðs fiskvinnslufólks eftir fimm ára starf. Samþykkt var á stjórnarfund í júní 2003 að gera úttekt á rekstri sjúkrasjóðsins og stendur hún yfir í tvö ár. Meðal annars verða bornar saman greiðslur til félagsmanna eftir því hve lengi þeir hafa verið í félaginu og athugað hvort munur sé á greiðslum úr sjóðnum eftir starfsgreinum.

Aukin umsvif í rekstri orlofshúsanna

Rekstur orlofssjóðs var jákvæður á árinu 2003 en eftir að tekið hefur verið tillit til framkvæmdakostnaðar er niðurstaðan neikvæð. Orlofshús félagsins hafa verið endurnýjuð mikið á undanförunum árum og framkvæmdakostnaður því eðlilega nokkuð hár. Á liðnu ári voru til dæmis smíðaðir pallar við öll hús félagsins á Illugastöðum. Vaxandi umsvif eru í rekstri orlofshúsanna en þó vantar enn mikið á að félagið geti annað spurn eftir dvöl í orlofshúsum yfir hásumarið. Alls sóttu 416 um dvöl í orlofshúsi í sumar en 226 manns fengu úthlutað viku. Þetta eru heldur færri umsóknir en árið áður.



Frá aðalfundi félagsins 4. maí.

BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS

Atvinna fyrir alla

Hátíðahöld verkalýðsfélaganna á Akureyri á baráttudegi verkalýðsins, 1. maí, voru með hefðbundnu sniði. Fólk safnaðist saman við Alþýðuhúsið í Skipagötu þaðan sem farið var í kröfugöngu yfir að Borgarbíói en þar var hefðbundin dagskrá með ræðu-höldum og skemmtiatriðum. Ávörp fluttu Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, og Jón Arnþórsson, framkvæmdastjóri Íðnaðarsafnsins, en aðalræðumaður dagsins var Kristján Gunnarsson, varaformaður Starfsgreinasambands Íslands.

Að venju var flutt sameiginlegt ávarp verkalýðsfélaganna á Akureyri og var það gert undir yfirskriftinni *Atvinna fyrir alla* að þessu sinni. Ávarpið fer hér á eftir:

Ávinningum launafólks í nýgerðum kjarasamningum er fagnað og er sérstaklega ánægjulegt að ríkisstarfsmönnum innan ASÍ skyldi takast að rétta sinn hlut í lífeyrismálum. Verkalýðshreyfingin fagnar því þegar tekst að jafna kjörin upp á við eins og gerðist í þessu tilviki. Fjöldi stéttarfélaganna á enn eftir að ganga frá kjarasamningum og eru bundnar vonir við að áfram verði haldið á framfarabraut í sókn hreyfingarinnar til betri lífskjara.

Það er áhyggjuefni hve illa gengur að rétta kjör kvenna á vinnumarkaði og þurfa allir að leggjast á eitt til að ná fullu jafnrétti kynjanna þar. Það er mjög mikilvægt að uppræta kynbundinn launamun á íslensk-

um vinnumarkaði þar sem komið hefur í ljós að óútskýrður launamunur kynjanna er enn alltof mikill.

Þá er ljóst að tryggja þarf betur réttarstöðu eldra starfsfólks á vinnumarkaði og koma með öllum ráðum í veg fyrir að fólk sé lát-ið gjalda aldurs síns. Verkalýðshreyfingin er tilbúin til samstarfs við stjórnvöld og atvinnurekendur til að leiðrétta þetta.

Samtök launafólks vara við þeirri samþjöppun á valdi og peningum í efnahags- og fjármálastöðu þjóðarinnar sem nú tröllríður þjóðfélaginu. Í skjóli fákeppni er vöxtum og verðlagi haldið uppi. Brýnt er að með landslögum verið spornað gegn hringamyndun og fákeppni. Siðlausri sjálfstöku stjórnenda sumra fjármálastofnana er mótmælt enda í engu samræmi við þann veruleika sem íslenskt launafólk býr við.

Ljóst er að niðurskurðurinn á þjónustu heilbrigðisstofnana sem fylgdi í kjölfar síðustu fjárlaga stefnir öryggi sjúklinga í hættu. Með þeim aðgerðum var þjóðarsáttum gott heilbrigðiskerfi rofin. Aðgerðir ríkisvaldsins nú í vetur og boðað framhald á niðurskurði eru aðför að heilbrigðisþjónustu landsmanna. Með því er öryggi þjóðarinnar ógnað. Uppbyggingarstarfið var erfitt en eyðileggingin er auðveld. Samtök launafólks krefjast þess að svo verði búið að heilbrigðiskerfi landsmanna að það geti veitt öllum landsmönnum fullkomnustu þjónustu sem völ er á.

Samtök launafólks vara við óheftri

alþjóðavæðingu og þeim áhrifum á kjör og réttindi verkafólks sem hún getur haft. Íslendingar hafa þegar kynnst þessu á virkjanasvæðinu við Kárahnjúka. Þar reyna erlendir verktakar allt sem þeir geta til að komast hjá því að starfa eftir íslenskum samningum. Samtök launafólks krefjast þess að verktakafyrirtækin séu látin virða kjarasamninga, lög og reglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Stjórnvöldum ber skylda til að taka í taumana ef brotið er á launafólki eða eðlilegum kröfum um aðbúnað á vinnustað er ekki sinnt. Með lögum þarf að tryggja að erlendir starfsmenn sem koma á vegum starfsmannaleiga til starfa hérlandis njóti sömu réttinda og kjara og Íslendingar á vinnumarkaði.

Undanfarin ár hafa verið tími vaxandi kaupmáttar. Lítil vafi er á að sú stefna samtaka launafólks að byggja upp stigvaxandi kaupmátt hefur skilað sér til fjölda launamanna. Á sama tíma er það dapurleg staðreynd að atvinnuleysi er viðvarandi og meira en hægt er að setta sig við. Atvinnulausir á landinu eru nú um 5.500 manns. Það er einnig kvíðvænlegt fyrir uppvaxandi kynslóð að í hópi atvinnulausra ber nú orðið mikið á ungu fólki sem aldrei hefur haft vinnu.

Verkalýðshreyfingin má ekki sofna á verðinum gagnvart atvinnuleysinu. Hefja þarf markvissa umræðu um nýja atvinnustefnu þar sem atvinna fyrir alla er meginmarkmiðið.

Atvinna fyrir alla!



ÁFALL Í DALVÍKURBYGGÐ

Uppsagnir hjá Íslandsfugli

Eins og kunnugt er af fréttum var 30 starfsmönnum hjá Íslandsfugli í Dalvíkurbyggð sagt upp störfum nú um mánaðamótin vegna erfiðleika í rekstri fyrirtækisins. Flestir þessara starfsmanna eru félagsmenn í Einingu-Iðju og eru með eins mánaðar uppsagnarfrest. „Þetta kom okkur á óvart og er auðvitað áfall fyrir það fólk sem þarna er að missa vinnuna,” segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju. Hann segist hafa staðið í þeirri trú að rekstur fyrirtækisins gengi þokkalega og að ekki væri von á neinum slíkum aðgerðum eins og nú eru komnar fram. „Við munum að sjálfsögðu reyna að aðstoða félagsmenn okkar eftir megni en það verður að segjast eins og er að það verður líklega ekki úr mörgu að móða á Dalvík í sumar. Auðvitað vonar maður að ástandið muni skána eitthvað í haust en nú þegar eru yfir 20 manns án atvinnu á Dalvík, auk þess sem skólafólkið er í leit að vinnu og nú bætist þessi hópur við þannig að ástandið er ekki mjög gott eins og er.”

Einhver starfsemi áfram á Dalvík

Ekki er ljóst hve mikil starfsemi verður áfram á þessu sviði í Dalvíkurbyggð en Sundagarðar hf. hafa keypt allt hlutafé í Marvali ehf., sem hefur rekið kjúklingabúíð í eitt ár frá því að það yfirtók þrotabú þess. Væntanlega munu þeir starfsmenn verða áfram við stofneldið, það er varpuglana, en vinnsla og slátrun leggjast niður og fara fram syðra. Framkvæmdastjóri Sundagarða segir í viðtali á mbl.is stefnt að því að innan árs verði búið að flytja



stofneldi félagsins, varpuglana, norður og að það verði nýrðra í framtíðinni. Þá segir hann hugsanlegt að sett verði upp einangrunarstöð á Dalvík og tekinn upp beinn innflutningur á eggjum frá Svíþjóð. Í um-

ræddri frétt á mbl.is er þess getið að eftir sé að skoða hvort hagkvæmara sé að slátra fuglinum hér fyrir norðan eða flytja hann í Mosfellsbæinn og slátra honum þar.

Áhyggjur af atvinnuástandinu

Í skýrslu stjórnar á aðalfundinum kom Björn Snæbjörnsson formaður inn á atvinnuástandið á svæðinu og lýsti áhyggjum af því fyrir hönd félagsmanna í Einingu-Iðju. Hann sagði aðaláhyggjuefnið vera það hve margir undir 25 ára aldri væru án atvinnu. Nær þrír af hverjum tíu sem eru án atvinnu eru í þessum aldurshópi. „Það er ekki síst áhyggjuefni að langtíma atvinnuleysi á Norðurlandi hefur aukist og þeir sem eru lengst á skrá er yngsta fólkið,” sagði Björn og hélt áfram: „Mikil óvissa er líka ríkjandi í atvinnumálum hér og er Skinnaiðnaður til dæmis að segja upp

fólki, einnig er mikil umræða um stöðu mála hjá ÚA en vonandi verða ekki fleiri uppsagnir á þeim bæ því það yrði reiðarslag fyrir Akureyri ef vinna þar mundi minnka að einhverju marki frá því sem nú er. Í Hrísey hefur ástandið verið slæmt og mikil óvissa er um framhaldið vegna uppsagna fólks hjá Íslensku sjávarfangi. Á Dalvík hefur ástandið verið nokkuð gott og á Grenivík einnig en framtíð ÚA er í einhverri óvissu og vona ég að þar rætist úr málum sem fyrst. Í Ólafsfirði hefur ástandið skánað, sérstaklega eftir að Fiskverkunin Rípill tók þar til starfa.“

Fækkun félagsmanna

Félagsmönnum Einingar-Iðju fækkaði um 106 á liðnu starfsári og eru þeir nú 5.443. Aðalfélögum fjölgaði þó um 111 og eru þeir nú 4.802 en aukafélögum fækkaði um 217 og eru þeir nú 641. Skipting félagsmanna eftir svæðum er sem hér segir:

	Aðalfélagar	Aukafélagar
Akureyri og nágrenni	3.861	530
Svæðisráð Dalvíkur	578	57
Svæðisráð Ólafsfjarðar	184	34
Svæðisráð Grýtubakkah.	114	15
Svæðisráð Hríseyjar	65	5



Frá aðalfundi Einingar-Iðju.

Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi



VAXTARSAMNINGUR EYJAFJARÐARSVÆÐIS

Hvar liggja möguleikar verkafólks?

Eins og flestum er væntanlega kunnugt voru á dögunum kynntar tillögur verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Skýrsla verkefnisstjórnarinnar ber heitið „Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis til aukinnar samkeppnishæfni, sóknar og alþjóðatengsla“. Mikið hefur verið fjallað um þessa skýrslu og einstakar hugmyndir sem þar eru settar fram.

Óvissa á mörgum sviðum atvinnumála

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, ræddi um þetta mál þegar hann flutti skýrslu stjórnar á aðalfundi félagsins fyrir skömmu. Þar velti hann fyrir sér atvinnuástandi á svæðinu jafnframt hinni nýju skýrslu. Hann sagði atvinnuleysi allt of mikið og atvinnuástand einkennast af óvissu á mörgum sviðum. Jafnframt lýsti hann ánægju sinni með það hve mikil áhersla var lögð á að fá fram sjónarmið heimamanna við vinnslu tillagnanna, með mörgum viðtölum og mikilli vinnu í starfshópum þar sem saman hafi komið fólk með margvíslega og víðtæka þekkingu á atvinnu- og mannlífi á svæðinu.

Um skýrsluna sagði Björn meðal annars: „Þegar ég velti fyrir mér þessari skýrslu hlýtt ég í fyrstu að horfa á hana og tillögur verkefnisstjórnarinnar með augum félaga minna í Einingu-Íðju. Þau augu eru reyndar ekkert of bjartsýn um þessar mundir því satt að segja er ástandið ekkert of björgulegt. Iðnaður hefur dalað mikið síðastliðna tvo áratugi hér á svæðinu, stórir vinnustaðir lagt upp laupana eða minnkað verulega og ýmislegt í rekstrarumhverfinu gerir þeim sem eftir eru erfitt fyrir. Þetta bitnar á félögum okkar, og um leið bitnar það á samfélaginu öllu. Þess vegna eru aðgerðir mikilvægar, aðgerðir sem skapa mörg störf. Stórir vinnustaðir eru því gjarnan það sem ég horfi til í þessum efnum, þótt fjölgun minni fyrirtækja og efling þeirra sem fyrir eru sé líka afar mikilvæg.“

Stóriðjan mikilvæg

Síðar í ræðunni lagði hann áherslu á tilkomu stóriðju í Eyjafjörðinn: „Ef ég vildi gagnrýna eitthvað í þessari skýrslu væri það helst að ég hefði persónulega viljað koma stóriðju frammar í röðina. Í þeim efnum er ég hvort tveggja að horfa til svæðisins í heild og til ykkar félaga minna í Einingu-Íðju, ófaglærðs verkafólks. Einhvers konar stóriðja er í raun grundvallaratriði í



„Ef ég vildi gagnrýna eitthvað í þessari skýrslu væri það helst að ég hefði persónulega viljað koma stóriðju frammar í röðina. ... Einhvers konar stóriðja er í raun grundvallaratriði í eflingu Eyjafjarðarsvæðisins, nauðsyn til þess að tryggja verkafólki vinnu,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju.

eflingu Eyjafjarðarsvæðisins, nauðsyn til þess að tryggja verkafólki vinnu.“ Björn sagði miklar væntingar hafa byggst upp varðandi vöxt svæðisins „...og nú er vilji fyrir hendi á öllum vígstöðvum - meiri, einbeittari og víðtækari vilji en oft áður í þessum málum. Einmitt við þessar aðstæður er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur sjálf að grípa gæsina, nú þegar hún gefst. Ég hef lýst því yfir að Eining-Íðja er reiðubúin að taka fullan þátt í uppbyggingu og eflingu Eyjafjarðarsvæðisins og

gera það með opnum huga. Við erum opin fyrir nýjum leiðum og nýjum lausnum sem leiði til betra lífs og afkomu okkar hér á þessu yndislega svæði sem Eyjafjörðurinn er,“ sagði Björn meðal annars. Hann lagði jafnframt áherslu á að ábyrgð á framkvæmdum hugmynda lægi hjá öllum: „Ég vil bara lýsa ánægju minni með skýrsluna í heild sinni og hlýtt að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að gera eitthvað í málunum, ekki horfa á og bíða eftir því að aðrir geri eitthvað, ekki halda áfram að vona að eitthvað gerist af sjálfu sér - heldur verðum við að gera eitthvað sjálf og þá geta ýmsir góðir hlutir farið að gerast.“

Uppbygging gagnast öllum

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, var inntur álits á tillögum verkefnisstjórnarinnar og hinum fyrirhugaða vaxtarsamningi með tilliti til þess hvort fram komnar tillögur tækju nægjanlega mikið tillit til þarfa almenns verkafólks á svæðinu og hvort þarna væru hugmyndir sem tryggt gætu félagsmönnum í Einingu-Íðju svipaðan uppgang og vöxt og öðrum íbúum svæðisins.

„Það er erfitt að taka út einstök verkefni úr þessum tillögum verkefnisstjórnarinnar og eyrnamerkja þau tilteknum hópum á vinnumarkaði,“ segir Kristján Þór. Hann bendir á að ef þær tillögur sem fram hafa verið settar og einhver „bakfiskur“ er í komist í framkvæmd ættu þær að gagnast öllum atvinnuhópum beint og óbeint.

„Það er hins vegar ekkert eitt verkefni fremur en annað sem ég sé að beinlínis styrki sérstaklega þennan hóp á vinnumarkaði. Ég get alveg tekið undir það sem komið hefur fram hjá Birni Snæbjörnssyni, formanni Einingar-Íðju, að það hefði verið mjög æskilegt að sjá inni ákveðnari tillögur um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Eyjafjarðarsvæðinu,“ segir hann og bendir á að slíkir vinnustaðir nái til mjög breiðs hóps af fólki og tillögur um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á svæðinu hefðu verið mjög afgerandi yfirlýsing um eflingu svæðisins.

VAXTARSAMNINGUR EYJAFJARÐARSVÆÐIS

Vöxturinn mætti vera meiri og hraðari

Kristján Þór hefur stundum verið gagnrýndur fyrir að tala of jákvætt um atvinnuástandið þegar það er ekkert of gott meðal tiltekinna hópa á vinnumarkaði. Hvernig metur hann ástandið nú og í ljósi þess, hvar telur hann mikilvægast að áherslur liggi í nánustu framtíð?

„Ég hef bæði fengið lof og last fyrir að tala mjög bjartsýnt um hlutina. Ég dreg ekkert undan í því að mér er tamara að horfa til bjartari hliða en þeirra dekkri og ef ég set okkur í samhengi við önnur svæði á landinu þá er atvinnuástand hér ekkert frábrugðið því sem er annars staðar á landinu,“ segir Kristján Þór og bendir á að víða séu blíkur á lofti og atvinnuástand sveiflist eftir greinum og svæðum. „Þetta er mjög viðkvæmur vinnumarkaður, ég viðurkenni það fúslega. En það sem ég hef lagt áherslu á þegar ég ræði um stöðu atvinnumála hér á Eyjafjarðarsvæðinu er að ef við horfum á þetta og setjum í samhengi við stöðu atvinnumála annars staðar á landinu þá getum við séð það að atvinnuástand hér á þessu svæði, ef eitthvað er, hefur verið betra en víðast hvar annars staðar. Það þýðir ekki að það megi ekki verða betra. Ég legg áherslu á að hér hefur fjölgað verulega á síðustu árum án þess að atvinnuleysið hafi aukist, þannig að það er vöxtur hér. Hins vegar held ég að allir geti verið sammála um að við vildum hafa hann meiri og hraðari.“

Jákvæður vöxtur en þó vaxtarverkir

Um vöxt í nánustu framtíð kveðst Kristján

Þór vilja sjá svipaðar áherslur og verið hafa á undanförunum árum, það er uppbyggingu á þekkingar- og þjónustusamfélagi. Slík þróun fylgi gjarnan fjölmennari svæðum en um leið dragi úr framleiðslu-hliðinni. Í þeirri samkeppni sem Eyjafjörðurinn er í við önnur svæði á landinu telur Kristján Þór þetta jákvæða þróun en segir þó neikvæðar hliðar á henni jafnframt.



„Ég deili áhyggjum Björns Snæbjörnssonar í því efni að framboðið í þessum atvinnugeira er kannski ekki nægilega mikið og nægilega traust. Þess vegna liggja leiðir okkar Björns meðal annars saman í þeirri áherslu sem við höfum báðir lagt á uppbyggingu á orkufrekum iðnaði í firðinum,“ segir Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri.

„Hins vegar, á meðan þetta er að ganga í gegn, þá erum við að lenda í vandræðum með atvinnugreinar þar sem við erum með ófaglært fólk á stórum vinnustöðum og það er slæmt þegar slíkt gengur yfir en ég minni bara á til dæmis að frá því að ég kom hingað hefur Akureyrarbær í það minnsta í tvígang tekið þátt í að efla fyrir-tæki gagngert með hlutafjárframlagi í þeim tilgangi að skjóta styrkari stoðum undir atvinnu þessa fólks. Þar á ég við Skinnaiðn-

aðinn og svo erum við þátttakendur í Norðlenska. Ég deili áhyggjum Björns Snæbjörnssonar í því efni að framboðið í þessum atvinnugeira er kannski ekki nægilega mikið og nægilega traust. Þess vegna liggja leiðir okkar Björns meðal annars saman í þeirri áherslu sem við höfum báðir lagt á uppbyggingu á orkufrekum iðnaði í firðinum. Óskandi væri að önnur sveitarfélög í firðinum, að Siglufirði meðtöldum, legðust á árararnar með okkur í því verkefni.“

Sveitarfélögin taki þátt

Um sjálfa framkvæmdina á væntanlegum vaxtarsamningi og ábyrgðina á honum vill Kristján Þór lítið segja að svo stöddu, enda á þar eftir að hnýta marga hnúta.

„Það er allt óljóst enn. Ég vil sjá vaxtarsamninginn komast á sem fyrst en verð að tala mjög almennt þegar ég ræði það mál. Þetta er allt óformað. Það er búið að draga útlínur fyrir þetta en nú eiga menn eftir að leggja áherslur inn í þennan vaxtarsamning og ég hef bara ekki stöðu til að gefa út eitthvað um það því málið er ekki á mínu forræði. Ég er að vonast til þess að vilji sveitarfélaga hér á svæðinu verði virtur í því efni að andlit

okkar gagnvart þessu verði Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og svo verður ráðuneytið að koma hinu megin frá með sínar stofnanir. Ég tel að sveitarfélögin eigi skilyrðislaust að koma með einhverjum hætti að þessu verkefni og leggja því allt lið sem þau geta. Þau hafa að vísu nóg með sig í dag en þetta er verkefni sem við eigum ekki undir neinum kringumstæðum að skorast undan að taka þátt í.“



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is



Gleðilegt sumar!

SJÓVÁLMENNAR
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 440 2370
sjova.is

TRÚNAÐARRÁÐSMAÐUR FRÁ GRÆNHÖFÐAEYJUM

Ánægð á Akureyri

Ana Maria Mota Atanaia er líklega fyrsti Íslendingurinn af erlendum uppruna sem situr í trúnaðarráði Einingar-Íðju en hún er nú að hefja sitt annað tímabil í trúnaðarráði. Hún kom fyrst til Íslands fyrir tæpum sextán árum, 1988, í ævintýra- og atvinnuleit. Ana Maria er fædd og uppalin á Grænhöfðaeypum og þekkti íslenska fjölskyldu sem starfaði þar. Hún kveðst ekki hafa fengið áfall við komuna til Íslands þrátt fyrir ólíkt veðurfar og fleira sem ekki var alveg eins á Íslandi og á Grænhöfðaeypum. „Nei, í raun og veru ekki. Það var kalt og öðruvísi en það var allt í lagi. Það er rosalega gott að vera hér og mér líkar mjög vel. Það er stutt í allt og maður hefur allt sem maður þarf.“ Ana Maria bjó fyrst í Reykjavík en flutti til Akureyrar 1989, fór svo reyndar suður aftur 1997 en kom til Akureyrar ári síðar. Fyrstu tvö árin á Akureyri vann hún hjá gamla Skinnaiðnaði en síðan hjá Útgerðarfélagi Akureyringa.

Mikið atvinnuleysi heima

Ana Maria segir erfitt að bera saman vinnumhverfið hér og á Grænhöfðaeypum.



Ana Maria Mota Atanaia, trúnaðarráðsfulltrúi í Einingu-Íðju.

um, eða viðhorf fólks til vinnu því á Grænhöfðaeypum sé mikið atvinnuleysi og viðhorfið markist nokkuð af því. „Við framleiðum frekar lítið,“ segir hún um atvinnulífið á Grænhöfðaeypum og bætir við að eyjarnar séu ekki heldur mikill ferða-

mannastaður. „Ég held að flestir Grænhöfðaeypingar fari utan til að vinna eða flestir sem gera ráð fyrir að gera það einhvern tíma á ævinni,“ segir hún og á þar við atvinnusókn fólksins til annarra landa. Íbúar eyjanna eru rúmlega 400 þúsund.

Ana Maria hefur unnið hjá Útgerðarfélagi Akureyringa mestallan þann tíma sem hún hefur búið á Akureyri. „Aldrei,“ svarar hún hins vegar þegar hún er spurð hvort hún hafi starfað við fiskvinnslu heima á Grænhöfðaeypum áður en hún kom hingað. „Ég var vön því að fara á fiskmarkaðinn til þess að kaupa fisk þannig að ég borgaði fyrir að fá hann hreinsaðan og tilbúinn,“ segir hún og hlær að tilhugsuninni nú þegar hún er komin með starfsreynslu í fiskvinnslu í vel á annan áratug. „Þegar ég kom til Íslands hafði ég enga fasta vinnu heima.“

Verkalýðshreyfingin ekki sterk

„Í raun og veru hafa allir sem eru að vinna full réttindi, sjúkrahús kostar ekki neitt og fólkið hjálpar hvert öðru mjög mikið,“ segir hún, spurð um samannburð á réttindum fólks hér og í heimalandi hennar. „En fólk hefur meira hérna,“ bætir hún við. Hún kveðst ánægð með samskipti starfsfólks og vinnuveitenda, segir fólk almennt koma vel fram og vera vingjarnlegt.

Ana Maria hefur starfað að félagsmálum fyrir Einingu-Íðju og er nú að hefja sitt annað tímabil í trúnaðarráði félagsins. Hún kveðst ekki hafa starfað á þessum vettvangi í heimalandi sínu. „Nei, nema hvað ég starfaði í pólitísku ungmennafélagi. Ég var ekki í fastri vinnu þannig að ég var ekki í verkalýðsfélagi. Verkalýðshreyfingin er ekkert rosalega sterk á Grænhöfðaeypum,“ segir hún.

„Já, ég held að þetta verði að þróast og svo ætla ég að sjá hvernig þetta er. Allavega er ég opin fyrir þessu,“ segir hún og hlær þegar blaðamaður stingur upp á því að ef til vill verði hún komin í stjórn innan fárra ára.



Ana Maria við vinnu sína hjá ÚA.

NÝTT FYRIRTÆKI Í ÓLAFSFIRÐI

Unnið úr því sem áður var hent

Í Ólafsfirði var fyrir fáeinum mánuðum stofnað nýtt fyrirtæki, Rípill, sem tengist fyrirtækjum á Blönduósi og Hofsi og eru eigendur þessara fyrirtækja að hluta þeir sömu. Fyrir um það bil tíu árum hefðu menn líklega gert grín að þeirri vinnslu sem fram fer hjá Rípli og reyndar fleiri fyrirtækjum sem eru í sams konar vinnslu hér á landi. Hráefnið sem notað er var nefnilega fyrir ekki svo löngu álitid vera úrgangur og því þar af leiðandi hent. Á undanförunum áratug hafa fiskvinnslufyrirtæki nefnilega farið að vinna úr hráefni sem áður fyrr var hent og skapaði engin verðmæti - afskurðinum sem fellur til við vinnslu um borð í frystitogurunum. Sjómennirnir og útgerðirnar fá þar með auknar tekjur og þessi vinnsla kemur sem hrein viðbót við þá vinnslu sem fyrir er í landi.

„Við erum í því að vinna með afskurðinn frá togurunum hér í Ólafsfirði, beinhreinsum hann,“ segir Halldór Halldórsson, framleiðslustjóri hjá Rípli. Hann giskar á að um 700 tonn af afskurði falli til hjá Ólafsfjarðartogurunum á ári en segir ekkert því til fyrirstöðu að kaupa afskurð lengra að, flytja hann til Ólafsfjarðar og vinna hann þar.

Vaxandi vinnsla

Hjá fyrirtækinu starfa nú 15 manns, sem er nokkru færra en áður



Það var glatt á hjalla við vinnsluna hjá Rípli þegar blaðamaður leit þar við. Við enda borðsins er Halldór Halldórsson framleiðslustjóri sem rætt er við hér í blaðinu.

var í húsinu þar sem Rípill starfar, en þar var fiskverkun sem hætt hefur störfum. Halldór segir þess þó ekki langt að bíða að fjölga þurfi starfsfólki og þegar hann er spurður um stærð fyrirtækisins eða hve mikið umfang þessarar vinnslu sé yfirleitt þá spyr hann á móti: „Hversu stórt viljum við hafa þetta?“ Hann býst við að strax í haust verði einhver aukning en segir að í sjálfu sér hafi menn ekki sett sér nein ákveðin mörk hvað stærð eða umfang vinnslunnar varðar. „Ég held að það sé best að láta tímann leiða það í ljós hversu stórir við verðum því það eru að hluta utanaðkomandi aðstæður sem koma til

með að stýra því,“ segir Halldór.

Þó svo unnið sé með hráefni sem áður var hent - og einhverjum kann að þykja að komist næst því að vera rusl þá má segja að hvað ferskleika varðar sé það hráefni sem unnið er með hjá Rípli ekkert síðra en annað hráefni sem unnið er með um borð í frystitogurum eða í fiskvinnslum í landi. Við vinnsluna um borð í skipunum er afskurðinum pakkað og hann frystur eins og annað hráefni. Rípill fær síðan hráefnið, þýðir það og vinnur úr því. Nánast allt er nýtt og úrgangur frá vinnslunni er sáralítill, líklega fáein kíló á degi hverjum.



Hjá fyrirtækinu starfa nú 15 manns, sem er nokkru færra en áður var í húsinu þar sem Rípill starfar, en þar var fiskverkun sem hætt hefur störfum. Halldór segir þess þó ekki langt að bíða að fjölga þurfi starfsfólki.

RÉTTINDI OG SKYLDUR

„Sparaði“ sér að greiða gjöldin

- og stóð uppi réttindalaus

Stundum finnst fólki blóðugt að þurfa að greiða ýmis gjöld af laununum sínum í stað þess að fá meira í eigin vasa. Gjöld á borð við félagsgjald í stéttarfélag, lífeyrissjóðsiðgjald og fleira í þeim dúr. En það er ástæða fyrir því að við greiðum þessi gjöld, þau eru ekki til einskis, þau tryggja fólki tiltekin réttindi. Ef til vill virðast þessi réttindi ekki raunveruleg fyrr en við þurfum einmitt á því að halda að nýta okkur þau. Því miður lenda alltof margir í því að uppgötva þessi einföldu sannindi of seint.

Agnes Tulinius starfaði sem verktaki við að selja tiltekna þjónustu og kveðst hafa fengið rangar og villandi upplýsingar frá vinnuveitandanum - og þegar upp var staðið varð það henni dýrkeypt að taka trúanlega þá undarlegu staðhæfingu sem hún segir vinnuveitanda sinn hafa komið með, að það að greiða af launum sínum í lífeyrissjóð og stéttarfélag væri eins og að gefa peninga og fá ekkert í staðinn. Agnes lenti í bílslysi og stóð uppi réttindalaus vegna þess að hún hafði ekki greitt iðgjald í lífeyrissjóð.

Lofað miklum tekjum

„Mér var sagt að ég væri verktaki og þá fengi ég miklu meira í minn vasa en ég er búin að sjá núna að er alls ekki satt. Það var bara talað um launin og hvað ég ætti að vinna en ekki neitt annað. Það var bara talað um það jákvæða en ekki hvað ég þyrfti að greiða af þessum tekjum,“ segir Agnes þegar hún er spurð um upphafið á umræddu starfi. „Mér var sagt að í smátíma þyrfti maður að vinna sig upp og þegar ég væri búin að gera einhverja samninga þá færi þetta að rúlla og þá gæti ég jafnvel tekið mér frí í einn mánuð og verið samt með góð laun af því að þá væri ég að fá borgað fyrir samninga sem ég hefði verið að skila áður.“

Ósátt við upplýsingarnar

Agnes er afar ósátt við þær upplýsingar sem hún fékk hjá vinnuveitandanum þegar hún var ráðin til starfa. Þegar hún var ráðin var henni til dæmis sagt hvaða upphæð hún myndi fá í sölulaun fyrir meðalsamning en segist hafa komist að því fljótlega

að sú tala átti við mjög góðan samning. „Og svo sagði hann við mig að hann væri með bókkara sem myndi sjá um þetta allt fyrir okkur þannig að við þyrftum ekkert að vera að brasa í þessu og það reyndist ekki rétt. Ég fékk til dæmis reikning upp á 50 þúsund krónur frá bókkaranum sem átti að sjá um þetta allt fyrir okkur en hann var ekki búinn að gera neitt nema að skila skattaskýrslunni þremur mánuðum of seint. Allt í einu komst ég að því að bókkarinn var ekki að sjá um mín mál og þá átti

eitthvert gagn að vera í lífeyrissjóði. Það var bara rökrétt hugsun. Þegar ég var síðan búin að borga allt sem ég þyrfti af launum sem ég fékk sem verktaki þá var eiginlega ekki neitt eftir. Þetta var góð tala sem var á launaseðlinum en ég hefði þurft að vinna dag og nótt, vaða eld og brennistein bara til þess að ná því upp að ég fengi sjálf eitthvað útborgað. Ég þyrfti að borga leigu, aðstöðugjald fyrir að komast í tölvu og síma og fleira svoleiðis.“



„Þegar ég var að spá í þessi mál, var þetta spurning um að velja. Ég er einstæð móðir og var nýbúin að kaupa mér íbúð. Hvort átti ég að nota peninginn í að gefa dóttur minni að borða eða borga í lífeyrissjóð?“ segir Agnes Tulinius.

ég eftir að greiða skatt, bæði staðgreiðslu, virðisaukaskatt og fleira af nokkurra mánaða launum. Og síðan þegar ég spurði hvort ég þyrfti ekki að greiða í lífeyrissjóðinn þá sagði hann að það skipti engu máli af því að ég væri ekki launþegi. Ég væri bara að gefa þeim pening og væri ekki að hagnast neitt á því. Ég hugsaði sem svo að ég ætlaði ekki að fara að borga einhverja prósentu af laununum mínum í ekki neitt en seinna fór ég að spá í að það hlyti að gera

Lífeyrissjóðurinn eða barnið!

Agnes stóð frammi fyrir því að þegar upp var staðið var lítið eftir og hún þyrfti að velja á milli þess að fæða og klæða barnið sitt eða greiða í lífeyrissjóðinn. „Þegar ég var að spá í þessi mál þá var þetta spurning um að velja. Ég er einstæð móðir og var nýbúin að kaupa mér íbúð. Hvort átti ég að nota peninginn í að gefa dóttur minni að borða eða borga í lífeyrissjóð? Lífeyrissjóðurinn skipti engu máli eftir því sem

RÉTTINDI OG SKYLDUR

vinnuveitandinn sagði mér en auðvitað skiptir dóttir mín öllu máli. Ef ég hefði hins vegar vitað hvernig þetta var þá hefði ég samt borgað í lífeyrissjóðinn með einhverjum ráðum. Þegar ég svo lenti í slysinu þá var ég réttindalaus af því að ég borgaði ekki í neinn lífeyrissjóð.“

Agnes var farþegi í bíl sem lenti í árekstri. Hún slasaðist töluvert, er með skekktu mjöðm, ónýta liðpoka í hægri öxl og ekki með fullan kraft í hægri hendinni, er með klemmda taug í vinstri öxl-inni og tognaði á hálsi og í baki.

„Ég athugaði strax eftir slysið hvað ég gæti gert en var réttindalaus alls staðar. Ég hefði getað fengið sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun en af því að ég á barn og er í eigin húsnæði þá held ég að það hefðu verið um 30 þúsund krónur á mánuði. Ég hafði ekki um neitt að velja annað en að pína mig áfram í vinnunni þangað til ég var hætt að geta sofið á nóttunni, gat ekki staðið upp á morgnana. Ég var alveg búin og gat ekkert gert, gat ekki hugsað um dóttur mína eða nokkuð annað. Ég keyrði mig alveg út. Þá hætti ég í þessari vinnu af því að ég gat ekki meir. Ég hélt áfram að fá einhverjar smátekjur í nokkra mánuði en lét loka fyrir þær greiðslur þannig að ég kæmist á sjúkradagpeninga og kæmist síðan inn á Kristnes í endurhæfingu. Þá gat ég fyrst farið að byggja mig upp. Þetta er búið að vera alveg ótrúlegt bras en hefði verið töluvert einfaldara ef ég hefði getað fengið greiðslur úr lífeyrissjóðnum.“



„Mér finnst eftir þessa reynslu að sérstaklega þegar ungt fólk er að sækja um virðisaukaskattsnúmer þá ætti það ekki að fá skráningu nema að sækja námskeið um það hvernig á að reikna þetta allt út og hvernig á að skila þessum gjöldum.“

Lífið hefur snúist við

Agnes byrjaði í umræddu starfi í september 2002, tók starfið strax af miklum krafti og gekk mjög vel. Til dæmis fékk hún viðurkenningu fyrir góðan árangur strax á öðrum mánuði. Hún lenti síðan í bílslysinu í nóvember sama ár en pindi sig áfram í vinnu fram í mars 2003. Síðan þá hefur hún verið alveg óvinnufær. Hún fór í endurhæfingu á Kristnesspítala og fær endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun. Hún segir þá greiðslu rétt duga til þess að ná

endum saman. Hún segist ekki í vafa um örorku sína og að hún er meiri einmitt vegna þess að hún gat ekki hætt strax í vinnunni og farið í endurhæfingu. „Líf mitt hefur breyst mikið og í raun alveg snúist við. Það er svo margt sem ég kem aldrei til með að geta gert.“

Vill skyldunámskeið

Í samtali við blaðamann kom fram að Agnes telur ekki þjóna neinum tilgangi að nefna fyrirtækið eða vinnuveitandann opinberlega, enda segir hún það ekki markmið sitt með því að segja sögu sína að ná einhverju út úr fyrirtækinu. „Nei, ég held að það yrði bara orð gegn orði,“ segir hún. Markmið hennar er að vekja athygli fólks á þessari hættu, að það að spara við sig gjöld til stéttarfélags og í lífeyrissjóð geti komið margfalt í bakið á fólki og þar að auki fylgi því ýmis friðindi að greiða þessi gjöld.

„Ég fylgist yfirleitt vel með í þjóðfélaginu en þetta með lífeyrissjóðinn fór einhvern veginn fram hjá mér - því ég treysti

þeim sem gáfu mér upplýsingar. Ég er núna nýorðin 22 ára og mér finnst eftir þessa reynslu að sérstaklega þegar ungt fólk er að sækja um virðisaukaskattsnúmer þá ætti það ekki að fá skráningu nema að sækja námskeið um það hvernig á að reikna þetta allt út og hvernig á að skila þessum gjöldum. Það þarf að koma fram í hvað maður er að setja peningana sína og að það skipti máli að greiða þessi gjöld.“

FRÉTTIR

Málefni útlendinga á vinnumarkaði

Í þriðja tölublaði vefrits Alþýðusambands Íslands, vinnan.is, er meðal annars fjallað um málefni útlendinga á vinnumarkaði hérlandis. Bent er á að vaxandi fjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, samhliða sameiginlega evrópska vinnumarkaðinum og alþjóðavæðingunni, hafi varpað nýju ljósi á ýmsa veikleika er varði réttindi og kjör útlendinga á vinnumarkaði og framkvæmdina hér á landi.

Í greininni segir meðal annars: „Þetta birtist með margvíslegum hætti: Upplýsingar um þá útlendinga sem hingað koma til starfa um skemmri eða lengri tíma, við hvað þeir starfa og á hvaða kjörum, eru mjög ófullkomnar. Þá hafa komið upp ítrekuð dæmi og frekari grunsemdir síðustu misseri um að útlendingar hafi ekki notið kjara og réttinda eins og kjarasamningar og lög kveða á um. Þetta hefur leitt til undirboða á íslenskum vinnumarkaði og að útlendingar hafi í einhverjum mæli verið notaðir í ólöglegri atvinnustarfsemi.”

Áherslur Alþýðusambandsins

Vikið er að því hverjar áherslur Alþýðu-

sambandsins eru í þessum efnum en að mati þess er mikilvægt að sporna við framangreindri þróun af festu og tryggja að erlent launafólk njóti sömu kjara og réttinda og þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði. „Þá er nauðsynlegt að stjórnvöld móti skýra stefnu í málefnum útlendinga sem tryggi stöðu þeirra og réttindi og hafi jafnframt

að markmiði að þátttaka útlendinga á vinnumarkaði taki mið af aðstæðum og leiði ekki til röskunar á þeim reglum og samskiptum sem þar eiga sér stað,” segir enn fremur í greininni í vefritinu. Vefritið vinnan.is er aðgengilegt á vef Alþýðusambands Íslands, www.asi.is.

Verkafólki neitað um grundvallarréttindi

Á vef Alþýðusambands Íslands er sagt frá skýrslu sem Alþjóðavinnuálastofnunin og sú deild innan Sameinuðu þjóðanna sem sér um málefni verkafólks hafa gefið út undir heitinu „Organizing for social justice“. Þar kemur fram að grundvallarréttindi verkafólks séu í mörgum löndum fótum troðin og dæmi um að verkafólki séu sett skilyrði um að gerast ekki meðlimir í verkalyðsfélögum. Bent er á að þessi hópur sé algjörlega óverndaður og hafi takmörkuð eða engin réttindi. Í fréttinni á vef ASÍ segir einnig: „Það átakanlega er,

að stór lönd eins og Brasilía, Kína, Indland, Mexíkó og Bandaríkin hafa ekki enn staðfest grundvallarsáttmála Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um félagafrélsi. ... Í skýrslunni kemur meðal annars fram að verkafólk sem freistar þess að stofna félag er stundum sett á svartan lista, ávítað eða rekið. Listinn yfir slæma meðhöndlun í þannig fyrirtækjum er æði langur. Sem dæmi má nefna, að kóreskum verkmanni var hótað með byssu af vinnuveitanda sínum til að fá hann til að segja sig úr verkalyðsfélagi“.



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsvals eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandi.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.



เรียนสมาชิกสหภาพ Eining-Idja ทราบ

สหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา (*Eining-Idja*) มีนโยบายอำนวยความสะดวก แก่สมาชิกชาวต่างชาติอย่างดีที่สุด โดยการออกหนังสือพิมพ์ข่าวสารเป็นภาษาไทยและภาษาอังกฤษ

ภายในข่าวสารฉบับนี้ มีบทสัมภาษณ์สมาชิกของสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยาหลายท่าน และกิจกรรมอื่นๆที่ไม่ได้นำเสนอมาในที่นี้ การสัมภาษณ์ครั้งนี้ คุณ Agnes Tulinius ซึ่งเป็นสมาชิกผู้หนึ่งของสหภาพ ได้ให้ข้อคิดเกี่ยวกับประสบการณ์ของเธอ ที่น่าสนใจเป็นอย่างมาก เธอทำงานเป็นลูกจ้างรับเหมา ซึ่งไม่ได้รับเงินเดือนประจำทุกเดือน เจ้าของบริษัทที่เธอทำงานด้วยนั้นบอกเธอว่า การจ่ายหรือไม่จ่ายเงินให้กับกองทุนเบี้ยบำนาญ และกองทุนสะสมทรัพย์ของสหภาพนั้นไม่เท่ากัน เพราะเธอจะได้รับสิทธิในกองทุนเหล่านั้นเท่าเทียมกับผู้อื่น และเพื่อความสะดวกของทั้งสองฝ่าย เจ้าของบริษัทต้องการให้เธอทำงานเป็นลูกจ้างรับเหมา ดังนั้น Agnes จึงไม่ได้จ่ายเงินให้กับกองทุนสะสมทั้งสองแห่ง

ต่อมาเธอประสบอุบัติเหตุทางรถยนต์และไม่สามารถทำงานได้ เธอจึงทราบว่าเธอไม่มีสิทธิที่จะได้รับเงินช่วยเหลือจากกองทุนอุดหนุนใดๆทั้งสิ้น เธอจึงจำเป็นต้องทำงานต่อไป ทั้งที่สภาพร่างกายไม่อำนวยให้นักเธอกล่าวต่อไปว่าความทุกข์ทรมานของเธอจะไม่มากถึงขนาดนี้ ถ้าหากว่าเธอได้เข้ารับการรักษาด่วนและมีการฟื้นฟูสภาพอย่างถูกต้องที่โรงพยาบาล

จุดมุ่งหมายในการเข้าถึงประสบการณ์ ของ Agnes นั้น เพื่อเป็นอาหารใจแก่บุคคลที่ตกอยู่ในสภาวะการณ์ที่เหมือนหรือคล้ายคลึงกับเธอ จะได้คำนึงถึงสิทธิอันพึงได้รับของตน ก่อนที่ทุกสิ่งทุกอย่างจะสายเกินไป

สัญญาอัตราค่าจ้างแรงงานฉบับใหม่ (*Nýir kjarasamningar*)

ในช่วงฤดูหนาวที่ผ่านมา สหภาพได้มีส่วนในการร่างสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน สำหรับตลาดแรงงานทั่วไป ให้กับสมาชิกสหภาพที่ทำงานให้กับภาครัฐ และได้มีการลงมติเป็นเอกฉันท์ตามเสียงส่วนใหญ่ แต่ในขณะนี้สัญญาฉบับใหม่ดังกล่าว ยังอยู่ในระหว่างดำเนินการ คาดว่าเสร็จเรียบร้อยในไม่ช้า

บ้านพักร้อน (*Orlofshús*)

สมาชิกของสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยาทุกท่าน มีสิทธิที่จะขอเช่าบ้านพักร้อนของสหภาพได้เป็นเวลานานหนึ่งอาทิตย์ โดยแบบใบยื่นคำร้องขอเช่าบ้านพักร้อน จะมีอยู่ในหนังสือข่าวสารของสหภาพประจำเดือนมีนาคม

การได้รับสิทธิเช่าบ้านพักของสมาชิกนั้น จะพิจารณาจากบุคคลที่ยื่นใบคำร้อง และการสะสมแต้มของสมาชิกตามระบบของสหภาพที่ใช้มานานแล้ว เมื่อเริ่มทำการพิมพ์เอกสารฉบับนี้ ทางสหภาพไม่แน่ใจว่า บ้านพักร้อนเหล่านั้นจะได้รับการจองเต็มแล้วหรือไม่ ฉะนั้น หากสมาชิกท่านใดต้องการทราบข้อมูลเพิ่มเติม กรุณาติดต่อยังสำนักงานของสหภาพ นอกจากนั้นสหภาพ ยังมีบ้านพักร้อนที่ประเทศสเปนและเดนมาร์กสำหรับให้บริการแก่สมาชิกเช่าพักอีกด้วย

การประชุมประจำปี (*Aðalfundur*)

การประชุมใหญ่ประจำปีของสหภาพเอนนิ่ง-อิดล์ยา ได้จัดให้มีขึ้นเมื่อต้นเดือนพฤษภาคมที่ผ่านมา ในวาระนี้มีการแต่งตั้งคณะกรรมการ และคณะที่ปรึกษา ซึ่งได้รับความไว้วางใจ รวมทั้งสิ้นสิบสองท่านเท่าเดิม รายชื่อของคณะกรรมการ, ที่ปรึกษาและคณะกรรมการจัดการทั้งหมดนั้นอยู่ที่หน้า 22

ในการประชุมใหญ่ครั้งนี้ ได้มีการกล่าวถึงการจัดการเกี่ยวกับเงินงบประมาณกองทุนสงเคราะห์ผู้ป่วย ซึ่งมีแนวโน้มไปในทางที่ดี เพราะผลอันเนื่องมาจากการเปลี่ยนแปลงระเบียบกฎเกณฑ์ ของกองทุนสงเคราะห์ผู้ป่วยในการประชุมใหญ่เมื่อปีที่แล้ว ที่ผ่านมานั้นการดำเนินการของสหภาพเป็นไปด้วยดี สำหรับหน้าที่หลักทั่วไปของสหภาพเกี่ยวกับการทำสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงานนั้นต้องใช้เวลาพอสมควร เพื่อให้บรรลุในหลักการ

เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน (*Orlofsuppbót*)

ตามสัญญาการว่าจ้างแรงงาน สำหรับลูกจ้างกล่าวว่าบุคคลที่ได้รับสิทธิในการลาพักร้อนเต็มอัตรา จะต้องทำงานที่เดิม เป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน) หรือเริ่มทำงานในสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน หรือต้นเดือนพฤษภาคม จึงจะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนเต็มอัตรา การจ่ายเงินโบนัสนี้ จะจ่ายให้เมื่อพนักงานเริ่มลาหยุดพักร้อน หรือไม่เกินวันที่ 15 สิงหาคม จำนวนเงินโบนัสนั้นจะมากหรือน้อย ขึ้นอยู่กับ การทำสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงานของแต่ละสหภาพ ดังเช่นเงินโบนัสเต็มอัตราตามตลาดแรงงานปกติทั่วไป สมาชิกสหภาพแรงงานของภาครัฐ จะได้รับจำนวน 21.100 โครนุร์ และสมาชิกสหภาพแรงงานของฝ่ายเทศบาล จะได้รับ 10.000 โครนุร์ ซึ่งอัตราค่าจ้างเงินโบนัสนั้น จะคิดคำนวณจากระยะเวลาของการทำงาน หรือสัดส่วนในการทำงานของพนักงานด้วยเช่นกัน

To Eining-Iðja Union Members

Eining-Iðja wishes to maintain its policy of publishing part of the contents of the Union Magazine in English and Thai in order to serve as well as possible the large number of union members originating from abroad.

This issue actually contains a number of interviews with members of Eining-Iðja which will not be translated. Nevertheless, special attention should be drawn to one of those interviews, where Agnes Tulinius describes her experience of working as a contractor, rather than as an employee. She says her employer told her that it made no difference to her whether she made payments to a pension fund or a workers' union, this would earn her no rights in return. The employer said it would be a lot easier for both of them if she worked as a contractor.

Agnes made no payments to a pension fund or a workers' union and when she later was involved in an automobile accident and consequently became incapacitated and could not work, she was left without all rights. As a result, she was forced to go on working, pushing herself to do the job, although she was in fact unable to carry on working. She is quite certain that today her handicap is more severe, just because she was forced to go on working when she really needed to go straight to hospital for rehabilitation.

Agnes' aim in telling her story is to attract the attention of people who may be in a similar position to this aspect of the matter and to urge people to learn about their rights before it is too late.

A new employment contract

This winter, the union has participated in the formulation of a new employment contract on the general labour market and for those members who work for government organisations. The contract for the general labour market was accepted by a large majority. When this is written, however, the contract for employees in government organisations has not been completed. This contract, however, will probably have been finalised when this issue reaches its readers.

Holiday chalets

Members of Eining-Iðja have the right to apply for a week's stay in a holiday chalet under the auspices of the union. Applications were sought by advertisement in the Union Magazine in March. Subsequently, holiday chalets were allocated in accordance with a credit point system the union has used for many years. When this issue went to press it was not clear whether a few weeks were still vacant after the second allocation. Information on this matter can be obtained at the Union Office. The union has also rented holiday chalets for members' use in Spain and Denmark.

General meeting

The General Meeting of Eining-Iðja was convened in the beginning of May. The Board of Directors and the Council of Union Representatives were self-elected. Thus the Union's 12 member Board of Directors is unchanged from the previous

year. There is a list of all boards of directors, councils and committees under the auspices of the union on page 22.

The General Meeting was informed that the operation of the Sick Benefit Fund had significantly improved compared to the previous year after changes were made to the fund's code of regulations at last year's General Meeting. The performance of the union was a success in the past year, involving traditional major areas of operation with the additional time-consuming task of negotiating employment contracts.

Holiday bonus

According to employment contracts, employees who have earned the right to a full holiday bonus by working for the same employer during the previous period of holiday pay (1 May - 30 April) and were employed during the last week of April or the first week of May, receive a special holiday bonus. This holiday bonus is to be paid when people withdraw their holiday pay, or no later than 15 August. The bonus amount varies in different employment contracts. A full holiday bonus which applies to the general labour market and to union members working for the government is ISK 21,100, whereas full holiday bonus for union members who work for municipalities is ISK 10,000. These amounts also vary according to work ratio and length of time in a job.

Menntasmiðjan
&
Akureyri

Menntasmiðja unga fólksins:

1. Vorönn hefst um miðjan janúar 2005

Alþjóðastofa:

1. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga.
2. Ráðgjöf og þjónusta.
3. Endur- og símenntunarnámskeið.

*

Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,

Glerárgötu 28, 3.hæð

sími: 462-7255

www.menntasmidjan.is

KJARASAMNINGAR

Stórt skref framávið í réttindabaráttunni

Rétt um það bil sem Félagsblaðið var í lokavinnslu varð ljóst að félagsmenn innan Einingar-Íðju, sem vinna samkvæmt kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands við ríkið, höfðu samþykkt kjarasamning sem skrifað var undir skömmu fyrir páska og stofnanasamninga fyrir viðkomandi hóp. Niðurstaða úr atkvæðagreiðslunni varð þessi:

- Á kjörskrá voru 147
- Atkvæði greiddu 75 eða 51 %
- Já sögðu 72 eða 96 %
- Nei sögðu 3 eða 4%

Samstaðan skilaði árangri

Nýr heildarkjarasamningur aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands við ríkið var undirritaður að kvöldi 7. apríl og í beinu framhaldi var gengið til viðræðna um stofnanasamninga í heimabyggð. Samningurinn kemur í stað 14 mismunandi samninga ríkisins við einstök félög.

Óhætt er að fullyrða að samningurinn við ríkið er stórt skref fram á við í réttindabaráttu fyrir félagsmenn innan Starfsgreinasambands Íslands sem starfa hjá ríkinu að



Samninganefnd Starfsgreinasambandsins afhendir forsvarsmönnum samninganefndar ríkisins kröfjugefð SGS í nóvember í fyrra.

mati Björns Snæbjörnssonar, formanns Einingar-Íðju, en hann er formaður samninganefndar SGS í samningunum við ríkið. „Ég er mjög ánægður með þennan samning. Við náðum þarna að tryggja réttindamálin hjá okkar fólki og jafna kjörin við aðra ríkisstarfsmenn og það er mjög ánægjulegt, sérstaklega hvað varðar lífeyrismálin en einnig náðum við að knýja fram leiðréttingar á veikinda- og orlofsrétti,

hækkun á tryggingabótum og aukna áherslu á fræðslumálin. Með þessum samningi höfum við stigið stórt skref fram á við í réttindabaráttu okkar fólks og það sem öðru fremur varð til þess að við náðum þessum árangri er sú mikla samstaða sem verið hefur innan Starfsgreinasambandsins í samningamálunum og sú mikla vinna sem lögð hefur verið í undirbúning þessara mála,“ segir Björn.

Eins og fram hefur komið í fréttum höfðu félagsmenn Einingar-Íðju og annarra aðildarfélaga SGS greitt atkvæði um verkfallsboðun á sjúkrastofnunum en hætt var við að telja atkvæðin þegar samningar náðust.

Afgerandi stuðningur

Samningur Starfsgreinasambands Íslands við Samtök atvinnulífsins, sem skrifað var undir í mars, hlaut afgerandi stuðning meðal þeirra félagsmanna Einingar-Íðju sem greiddu atkvæði um samninginn. Niðurstaðan varð þessi:

- Á kjörskrá voru 2.806
- Atkvæði greiddu 937 eða 33,39%
- Já sögðu 711 eða 75,88% þeirra

sem greiddu atkvæði

- Nei sögðu 187 eða 19,96% þeirra sem greiddu atkvæði
- Auðir seðlar voru 13 eða 1,39%
- Ógildir seðlar voru 26 eða 2,77%

Þátttakan var heldur minni en þegar greitt var atkvæði um samningana árið 2000 en niðurstaðan þó mjög afgerandi og skýr með samningnum.



Þau stóðu í ströngu í vetur við gerð kjarasamninga: Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-Íðju, Þorsteinn J. Haraldsson, formaður tækja-, flutninga- og byggingaæildar, Anna Júlíusdóttir, formaður matvælaæildar, og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju.

Helstu atriði

Fjöldmörg atriði mætti taka út úr sem helstu breytingar eða nýmæli í samningnum. Nefna má að mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð hækkar til jafns við framlag til starfsmanna ríkisins í áföngum á samningstímanum, úr 6% í 11,5%. Tekin er upp ný 20 flokka launatafla með sex starfsaldursþrepum og gefur hún möguleika á auknu svigrúmi í launahækkunum við gerð stofnanasamninga. Hækkunir á grunnkaupi verða 3% 1. janúar 2005, 2,5%, 1. janúar 2006, 2,25% 1. janúar 2007 og 0,5% 1. janúar 2008. Starfsmenntamál eru treyst til framtíðar og framlag atvinnurekenda samningsbundið. Réttur til launa í veikindum er aukinn. Slysaftryggingar eru bættar verulega og bótafjárhæðir hækkaðar og samræmdar við kjör starfsmanna ríkisins. Orlofsréttur er jafnaður á við rétt annarra starfsmanna ríkisins.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar blaðið fór í prentun var ekki lokið síðari úthlutun orlofshúsa á vegum félagsins hér innanlands og því ekki ljóst hvort og þá hve margar vikur væru enn lausar í húsunum. Þeim sem hafa áhuga á að leigja sér hús er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins á Akureyri. Að jafnaði hafa verið stakar vikur lausar eftir aðra úthlutun, einkum fyrst og síðast á orlofstímabilinu.

Enn eru nokkrar vikur lausar í orlofshúsunum sem Eining-Iðja og STAK hafa á leigu í Danmörku og á Spáni. Þegar þetta er ritað eru lausar

alls fimm vikur á Spáni, 16. júní til 7. júlí, 11. til 18. ágúst og 1.-8. september. Einnig eru fimm vikur lausar í húsinu í Danmörku, 14. júlí til

4. ágúst og 18. ágúst til 1. september. Nánari upplýsingar um húsin eru veittar á skrifstofu félagsins á Akureyri.



Góð þátttaka í Skandinavíuferðinni

Undanfarna daga hefur 44 manna hópur félagsmanna og maka verið á ferðalagi um Skandinavíu. Þar er um að ræða utanlandsferð ferðanefndar Einingar-Iðju þetta sumarið og hefur hópurinn farið til Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands og Álandseyja. Ferðin stendur í tíu daga og kemur hópurinn aftur til Keflavíkur um miðjan dag fimmtudaginn 10. júní.

Breytingar í Ólafsfirði

Afgreiðslutími skrifstofu Einingar-Iðju í Ólafsfirði hefur verið stytur og starfsmaður félagsins þar, Ágúst Sigurlaugsson, er nú í 25% starfi en var áður í 50% starfi. Skrifstofan þar er nú opin kl. 9-12 á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Ástæða fyrir styttri afgreiðslutíma er meðal annars að félagsmönnum hefur fækkað nokkuð í Ólafsfirði á undanförunum árum og nokkuð er um að Ólafsfirðingar séu í störfum á Dalvík og sækja sér þjónustu á skrifstofuna þar, auk þess sem fólk sækir í

auknum mæli þjónustu beint til skrifstofunnar á Akureyri.



Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi



Sparisj ur H f hverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



Sparisj ur Svarfd la - Dalv k
R h si ¥ S mi: 466 1600 ¥ Fax: 466 1249



Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.

P-286



Skeljungur hf.
Einkaumbóð fyrir Shell-vörur á Íslandi



RAFIDNAÐARVERSLUN
Hjalteyrargötu 4 · Sími 455 1200



KARTÖFLUSALAN

Sími 462 5800
GSM 864 6460
Fax 461 2571

Stjórnir og nefndir starfsárið 2004-2005

Stjórn Einingar-Íðju

Formaður: Björn Snæbjörnsson
Varaformaður: Matthildur Sigurjónsdóttir
Ritari: Halldóra H. Höskuldsdóttir
Iðnaðardeild: Eyþór Karlsson
Matvæladeild: Anna Júlíusdóttir
Opinbera deild: Sigríður K. Bjarkadóttir
Tækja-, flutninga- og byggingadeild:
Þorsteinn J. Haraldsson
Þjónustudeild: Valdimar Gunnarsson
Svæðisráð Dalvík: Guðrún Skarphéðinsdóttir
Svæðisráð Grenivík: Marzibil E. Kristjánsdóttir
Svæðisráð Hrísey: Elísabet Jóhannsdóttir
Svæðisráð Ólafsfirði: Sæbjörg Ágústsdóttir

Svæðisráð í Dalvíkurbyggð:

Formaður: Guðrún Skarphéðinsdóttir
Varaformaður: Ingigerður Jónsdóttir
Ritari: Hafdís Hafliðadóttir
Varastjórn: Jón Arnar Helgason

Svæðisráð í Ólafsfirði:

Formaður: Sæbjörg Ágústsdóttir
Varaformaður: Hafdís Ósk Kristjánsdóttir
Ritari: Kristín Anna Gunnólfssdóttir
Varastjórn: Ágúst Sigurlaugsson,
Svanborg Jóhannsdóttir

Svæðisráð í Hrísey:

Formaður: Elísabet Jóhannsdóttir
Varaformaður: Helena Hilmarsdóttir
Ritari: Matthildur Eva Antonsdóttir
Varastjórn: Steinar Kjartansson,
Baldur Sigþórsson

Svæðisráð í Grýtabakkahreppi:

Formaður: Marzibil E. Kristjánsdóttir
Varaformaður: Þórey Aðalsteinsdóttir
Ritari: Gunnhildur Garðarsdóttir
Varastjórn: Guðbjörg Herbertsdóttir,
Anita Lind Björnsdóttir

Stjórn iðnaðardeilda:

Formaður: Eyþór Karlsson
Varaformaður: Þórhildur Sigurjónsdóttir
Ritari: Sigrún Ásdís Jónsdóttir
Meðstjórnendur: Jón Kristinn Arngrímsson,
Valborg Aðalgeirsdóttir
Varamenn: Áslaug Kristjánsdóttir,
Garðar Vesteinsson,
Monika Steingrimsdóttir

Stjórn matvæladeilda:

Formaður: Anna Júlíusdóttir
Varaformaður: Margrét H. Marvinsdóttir
Ritari: Magnús Björnsson
Meðstjórnendur: Stefán Aðalsteinnsson,
Stefán Benjamínsson
Varamenn: Egill Ragnarsson,
Ingimar Harðarson,
Ingibjörg Torfadóttir

Stjórn opinberu deilda:

Formaður: Sigríður K. Bjarkadóttir
Varaformaður: Guðmundur Karlsson
Ritari: Svanhildur Sigtryggssdóttir
Meðstjórnendur: Ásrún Asgeirsdóttir,
Marzibil E. Kristjánsdóttir
Varamenn: Geir Guðmundsson,
Erla Hrund Friðfinnsdóttir,
Sigurlaug Rögnvaldsdóttir

Stjórn tækja-, flutninga- og byggingadeilda:

Formaður: Þorsteinn J. Haraldsson
Varaformaður: Guðmundur Björnsson
Ritari: Sigurður S. Ingólfsson
Meðstjórnendur: Brynjólfur Magnússon,

Ingvar Kristjánsson
Varmenn: Haralður Evarsson,
Reynir Helgason,
Tryggvi Kristjánsson

Stjórn þjónustudeilda:

Formaður: Valdimar Gunnarsson
Varaformaður: Jakob Tryggvason
Ritari: Aðalbjörg Sigvaldadóttir
Meðstjórnendur: Júlíana G. Kristjánsdóttir,
Halldóra H. Höskuldsdóttir
Varamenn: Sigurður Þ. Karlsson,
Erna Friðriksdóttir,
Elin Skarphéðinsdóttir

Fulltrúar í stjórn Tjarnargerðis:

Aðalmenn: Guðmundur Björnsson,
Hilmir Helgason,
Sigurður Randversson
Varamenn: Geir Guðmundsson,
Sigurður Sv. Ingólfsson.

Stjórn sjúkrasjóðs:

Aðalmenn: Sigrún Lárusdóttir,
Aðalbjörg Sigvaldadóttir,
Geirlaug Sigurjónsdóttir
Varamenn: Geir Guðmundsson,
Guðrún Helgadóttir,
Lára Einarsdóttir

Stjórn vinnudeilusjóðs:

Aðalmenn: Erna Friðriksdóttir,
Tryggvi Kristjánsson,
Sigurður Sv. Ingólfsson
Varamenn: Stefán Benjamínsson,
Egill Ragnarsson,
Sigríður Jóna Gísladóttir

Stjórn Fræðslusjóðs:

Guðrún Skarphéðinsdóttir
Hafdis Kristjánsdóttir
Matthildur Sigurjónsdóttir
Steinþór Lúthersson
Gunnar Ólafsson
Sigurður Karlsson
Ingvar Kristjánsson
Unnur María Hjálmarsdóttir

Ritnefnd:

Erla Hrund Friðfinnsdóttir
Halldóra H. Höskuldsdóttir
Kristín Anna Gunnólfssdóttir
Anna Júlíusdóttir
Valborg Aðalgeirsdóttir

Ferðanefnd:

Björn Snæbjörnsson
Arna Brynja Ragnarsdóttir
Hafdis Jóhannsdóttir
Jakob Tryggvason
Margrét H. Marvinsdóttir

Mæðrastyrksnefnd:

Aðalmaður: Jóna Berta Jónsdóttir
Varamaður: Björg Hansen

Kjörstjórn:

Aðalmenn: Sigurlaug Guðmundsdóttir,
Karl Guðmundsson
Varamenn: Sigurður Randversson,
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Trúnaðarráð

(Auk eftirtalinnna eru fulltrúar í stjórn félagsins, formenn og varaformenn deilda og svæðisráða sjálfkjörnir í trúnaðarráðið)

Matvæladeild:

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Norðlenska
Ana Maria Mota Atanaia, ÚA

Anna Dóra Gunnarsdóttir, ÚA
Anna M. Leósdóttir, Samherja Dalvík
Ása Ragnarsdóttir, Stiganda Ólafsfirði
Ásdís Gunnlaugsdóttir, Íslandsfugli Dalvík
Edda Þórisdóttir, Kexsmiðjunni
Egill Ragnarsson, Samherja Hjalteyri
Gunnar Stefánsson, ÚA Grenivík
Hanna Eyrún Antonsdóttir, Eyfisk Hrísey
Hrefna Þorbergsdóttir, ÚA
Hreinn Vignisson, Samherja Dalvík
Ingimar Harðarson, Norðlenska
Jón Þór Benediktsson, Fiskeldi Eyjafjarðar
Jóna Jónasdóttir, ÚA
Lára Einarsdóttir, Norðurmjólk
Stefán Aðalsteinnsson, Kjarnafæði
Stefán Benjamínsson, Ísfélagi Vestmannaeyja
Steinþór Lúthersson, ÚA
Þórunn Kristín Sigurðardóttir, Norðurströnd Dalvík

Opinbera deild

Anita Lind Björnsdóttir,
Leikskólanum Krummafæti, Grenivík
Áslaug Kristjánsdóttir, sambýli Akureyri
Ásrún Ásgeirsdóttir, Dvalarheimilinu Hlíð
Birna Jónasdóttir, Dvalarheimilinu Hlíð
Dóra Herbertsdóttir, Félagsstarfi Viðilundi
Elísabet Skarphéðinsdóttir,
Hrafnagilsskóla Eyjafjarðarsveit
Erla Hrund Friðfinnsdóttir,
Leikskólanum Lundarseli
Geir Guðmundsson, Vegagerð
Guðriður Þorsteinsdóttir, Glerárskóla
Guðrún Jóhannsdóttir, Kjarnalundi
Hanna Dóra Ingadóttir,
Leikskólanum Álfaborg, Svalbarðsströnd
Hólmfríður Hreinsdóttir, Heimaþjónustu Akureyri
Inga Sigrún Ólafsdóttir, Kjarnalundi
Jóhanna M Antonsdóttir, Oddeyarskóla
Katrún Hallgrímsdóttir, FSA
Sigurbjörg Snorrardóttir, Ársköggskóla
Sigurlaug Rögnvaldsdóttir,
Leikskólanum Álfasteini, Hörgarbyggð
Sólveig Jónasdóttir, Félagsstarfi aldraðra Akureyri
Svanhildur Sigtryggssdóttir, Brekkuskóla
Unnur María Hjálmarsdóttir, sambýli Akureyri

Þjónustudeild:

Aðalbjörg Sigvaldadóttir, Skinnaiðnaði
Erlingur Guðmundsson, Oddvitanum
Erna Friðriksdóttir, Lindinni
Hafdis Jóhannesdóttir, ISS Ísland Dalvík
Júlíana Kristjánsdóttir, ISS Ísland
Kristbjörg Ingólfssdóttir, Landsbankanum
Kristín H. Skúladóttir, Oddvitanum
Sigurður Þ. Karlsson, Securitas
Þuríður Kristín Sigurvinsdóttir,
Sæplasti ræstingu, Dalvík

Iðnaðardeildin:


Ása Margrét Birgisdóttir, Skinnaiðnaði
Gunnar Ólafsson, Skinnaiðnaði
Hulda G. Jónsdóttir, Bónus Ortho System Ólafsfirði
Jón Arngrímsson, Sæplasti Dalvík
Ólafur Theódórsson, Gúmmívinnslunni
Sigrún Ásdís Jónsdóttir, Skinnaiðnaði
Unnsteinn Steinþórsson, Vífílfelli
Valborg Aðalgeirsdóttir, Glófa

Tækja-flutninga- og byggingardeild:

Brynjólfur Magnússon, GV gröfum
Haralður B. Evarsson, Gámaþjónustunni
Hilmir Helgason, BM Vallá
Ingvar Kristjánsson, BM Vallá
Reynir Helgason, Eimskip
Sigurður Sveinn Ingólfsson, Norðurmjólk
Tryggvi Kristjánsson, Íslandsfugli Dalvík

Aldrei neikvæð ávöxtun

Mikil hækkun umfram verðlag



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggirnar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu rúmum 5 árum deildarinnar eða til loka apríl 2004, var raunhækkun 54,6% á Safni I og 65,9% á Safni II. Þetta eru hækkanir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkanir á þessum 64 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is



Gjaldeyrisglaðningur

Íslandsbanka er kominn!



Trygguðu þér áhyggjulaust frí með Íslandsbanka

Njóttu sumarfrísins og vertu með eftirfarandi þjónustu á hreinu:

- **Greiðsluþjónusta** – bankinn sér um reikningana á meðan þú slappar af.
- **Kreditkort** – ferðatryggingar og þægindi á ferðalögum erlendis.
- **Netbankinn** – hvar sem þú ert í heiminum.
- **Stofn Sjóvá-Almennra** – vertu vel tryggður heima og að heiman.

Gjaldeyrisglaðningur

Þeir sem koma í Íslandsbanka og kaupa gjaldeyri fyrir 10.000 kr. eða meira fá flotta tösku sem er tilvalin í frið.

ÍSLANDSBANKI